

AÐALSKIPULAG

Aðalskipulag er gert fyrir hvert sveitarfélag. Þar kemur fram stefna sveitarstjórnar um þróun byggðar og landnotkunar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili.

	TÍMI	ÚRVINNSLA
ÁKVÖRÐUN UM GERÐ AÐALSKIPULAGS		<ul style="list-style-type: none">Sveitarstjórn tekur ákvörðun um að vinna aðalskipulagstillögu.
LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNINU		<ul style="list-style-type: none">Skipulagsnefnd vinnur að lýsingu á skipulagsverkefninu, þ.m.t. umfangi og áherslum í umhverfismati.Sveitarstjórn leitar umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila um lýsinguna og kynnir hana fyrir almenningi.
KYNNING Á SKIPULAGSTILLÖGU		<p>Sveitarstjórn kynnir skipulagstillögu og umhverfisskýrslu fyrir íbúum, aðliggjandi sveitarfélögum, svæðisskipulagsnefnd þar sem hún starfar og öðrum hagsmunaaðilum á fundi eða með öðrum fullnægjandi hætti. Kynningin skal auglýst með áberandi hætti.</p>
AFGREIÐSLA SKIPULAGSTILLÖGU TIL AUGLÝSINGAR	4 VIKUR	<ul style="list-style-type: none">Sveitarstjórn samþykkir skipulagstillögu og umhverfisskýrslu með formlegum hætti.Sveitarstjórn sendir skipulagstillögu og umhverfisskýrslu til Skipulagsstofnunar til athugunar.Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir til sveitarstjórnar innan 4 vikna skal sveitarstjórn auglýsa tillöguna óbreytta.
AUGLÝSING SKIPULAGSTILLÖGU OG UMHVERFISSKÝRSLU	6 VIKUR	<ul style="list-style-type: none">Sveitarstjórn auglýsir skipulagstillögu og umhverfisskýrslu í Lögbirtingablaði og dagblaði sem er gefið út á landsvísu.Auglýsingartími er að lágmarki 6 vikur. Skipulagsgögn skulu liggja frammi hjá sveitarfélaginu og Skipulagsstofnun auk þess að vera aðgengileg á netinu.Sveitarstjórn sendir Umhverfisstofnun og öðrum umsagnaraðilum skipulagstillögu og umhverfisskýrslu og gefur þeim kost á að koma á framfæri athugasemdum.¹Hver sá sem telur sig eiga hagsmuna að gæta getur gert athugasemdir og skal tilgreint í auglýsingu innan hvaða tímamarka og hvert skal senda athugasemdir.
AFRGEIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU		<ul style="list-style-type: none">Skipulagsnefnd fjallar um framkomnar athugasemdir og gerir tillögu til sveitarstjórnar um afgreiðslu.Sveitarstjórn fjallar um málið og tekur afstöðu til afgreiðslu skipulagsnefndar og hvort gera þurfi breytingar á tillögunni. Eftir afgreiðslu þarf að liggja fyrir greinargerð með rökstuðningi fyrir endanlegri afgreiðslu, þ.e. hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í skipulagsáætlun og brugðist var við athugasemdum. Vöktunaráætlun þarf að fylgja áætlun þegar hún á við.Sveitarstjórn sendir þeim sem gerðu athugasemdir umsögn sína um þær. Jafnframt er niðurstaða sveitarstjórnar auglýst.Sveitarstjórn sendir samþykkt aðalskipulag til Skipulagsstofnunar innan 12 vikna frá því frestur til að skila athugasemdum rann út.
STAÐFESTING SKIPULAGSSTOFNUNAR OG GILDISTAKA AÐALSKIPULAGS	12 VIKUR	<ul style="list-style-type: none">Skipulagsstofnun skal innan 4 vikna frá því að aðalskipulag berst henni staðfesta aðalskipulagið og birta auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.Telji Skipulagsstofnun að synja beri staðfestingu skal hún senda tillögu um það til ákvörðunar umhverfisráðherra ásamt rökstuðningi.Áður en ráðherra tekur ákvörðun skal hann leita umsagnar sveitarstjórnar.
ENDURSKOÐUN	4 VIKUR	<ul style="list-style-type: none">Að loknum sveitarstjórnarkosningum metur sveitarstjórn hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið, m.a. með hlidsjón af landskipulagsstefnu.Ef niðurstaða sveitarstjórnar er að aðalskipulagið þarfnist ekki endurskoðunar heldur það gildi sínu. Tilkynna skal Skipulagsstofnun um þá niðurstöðu.